



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um áætlaðan kostnað borgarinnar við styttingu vinnuvikunnar árið 2021.

Á fundi borgarráðs þann 26. nóvember 2020 lagði áheyrnarfulltrúa Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn um áætlaðan kostnað borgarinnar við styttingu vinnuvikunnar árið 2021:

Hvað er áætlað að stytting vinnuvikunnar muni kosta Reykjavíkurborg á árinu 2021 tæmandi talið eftir sviðum borgarinnar?

Svar:

Í flestum kjarasamningum sem voru undirritaðir veturinn 2019-2020 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi starfsstaða, bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu vinnu og einkalífs. Bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma er meðal helstu markmiða styttingar vinnutíma.

Forsenda styttingar hjá dagvinnufólki er að breyting á skipulagi vinnutíma skuli ekki leiða til breytinga á launum starfsfólks eða launakostnaði starfsstaða.

Að óbreyttu mun stytting vinnuskyldu vaktavinnufólks, úr 40 í 36 virkar stundir, hafa veruleg áhrif á starfsemi starfsstaða og svokallað mönnunargat myndast. Við því þarf að bregðast og í kostnaðarmati er gert ráð fyrir að kostnaður vegna yfirvinnu lækki og að mönnunargatinu verði mætt á dagvinnutíma. Í töflunni hér að neðan má sjá kostnaðarmat vegna styttingar hjá vaktavinnufólki eftir sviðum fyrir árið 2021

Svið	Kostnaður vegna styttingar vaktavinnu 2021
USK	1.948.215
ÍTR	44.497.505
VEL	472.841.786

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs